

G J A L D S K R Á

Rafveitu Keflavíkur.

58

4. apríl

I. Raforka.

Rafveita Keflavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Um kwst.-mæli, kr. 1.25 hver kwst. Við þessu gjaldi skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

1. Um tvönnu kwst.-mæla, annan til ljósa, hinn til heimilisvéla og tækja. Um ljósamælinn reiknast verðið samkv. stafl. A, á hinn mælinn kr. 0.35 hver kwst.
2. Um einn kwst.-mæli, kr. 0.30 hver kwst., og auk þess fastagjald kr. 2.50 á mánuði af hverju íbúðarherbergi heimilisins og eldhúsi.

Herbergi, sem er minna en 5 m² skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö.

C. Vélar.

Þar, sem orkan er notuð til vélarekstrar, skal hún seld:

1. Um kwst.-mæli, kr. 0.70 hver kwst.
2. Ef uppsett rafvélaafl fastra véla við fiskiðnað er yfir 15 kw., kr. 0.15 hver kwst., enda áskilur rafveitan sér rétt til að rjúfa strauminn allt að 2 stundum um hádegi og 1 stund að kveldi, á tímum mesta álags.

D. Götu- og hafnarlýsing.

Um kwst.-mæli, kr. 0.70 hver kwst.

II. Mælaleiga.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækinu samkv. eftirfarandi skrá:

- | | | | | | |
|----|----------------------------------|----------|---|------|---|
| 1. | Af einfasa kwst.-mælum að 30 amp | kr. 1.50 | á | mán. | |
| 2. | — þrífasa — — — 50 — — | 3.00 | — | — | — |
| 3. | — — — — — 200 — — | 7.00 | — | — | — |
| 4. | — — — — — yfir 200 — — | 10.00 | — | — | — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 20% af mælitækisverðinu. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. Heimtaugargjöld.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðist við brunabótamat á húsinu og mannvirkjum á þann hátt, sem hér segir:

1. flokkur:

Af húsum þeim, sem greitt hafa tengigjöld til Rafveitu Keflavíkur fyrir 31. júlí 1945, en fengið hafa heimtaug endurbyggða, vegna straum- og spennubreytingarinnar, skal greiða aukatengigjald eins og hér segir:

	Brunabótamat		Aukatengigjald
Frá	0— 5 000.00	kr. 100.00
—	5 000.00—10 000.00	— 140.00
—	10 000.00—20 000.00	— 160.00
—	20 000.00 og yfir	— 180.00

- 58 Þar, sem af einhverjum ástæðum þarf að breyta loftlínuheimtaug í jarðlínu-
4. apríl heimtaug, greiði húseigandi 50% meira fyrir jarðlínuna en loftlínuna samkvæmt ofangreindum taxta, þó því aðeins að virgildleiki fari ekki fram úr 3×25 qmm. Sé gildleikinn meiri, eða heimtaugin lengri en 15 m, greiðist það með kostnaðarverði, sem fram yfir er.

2. flokkur:

Af hverju húsi, sem ekki hefur verið greitt tengigjald af fyrir 31. júlí 1945 skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Frá	Brunabótamat	Jarðlína	Loftlína
0—10 000.00	kr. 380.00	kr. 210.00
— 10 000.00—15 000.00	— 510.00	— 280.00
— 15 000.00—20 000.00	— 600.00	— 360.00
— 20 000.00—25 000.00	— 700.00	— 450.00
— 25 000.00—30 000.00	— 780.00	— 530.00
— 30 000.00—40 000.00	— 880.00	— 600.00
— 40 000.00—50 000.00	— 980.00	— 640.00
— 50 000.00—60 000.00	— 1 060.00	— 680.00
— 60 000.00—70 000.00	— 1 100.00	— 700.00
— 70 000.00—80 000.00	— 1 140.00	— 730.00
— 80 000.00—90 000.00	— 1 170.00	— 760.00
— 90 000.00 og yfir	— 1 200.00	— 800.00

Greiði húseigandi áætlaðan helming heimtaugargjalds um leið og heimtaugaruppsetningu er lokið, er heimilt að veita honum gjaldfrest í allt að 12 mánuði á eftirstöðvunum. Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meira en 15 m, loftlínuheimtaugar meiri en 40 m, og gildleiki víra meiri en 3×70 qmm, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. Ýmis gjöld.

1. Opnunargjöld:

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 4 krónur.

2. Sekt fyrir óleyfileg vör:

Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun, eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 4 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Gjaldskrá þessa skal endurskoða fyrir 15. sept. 1946 og fá staðfesta að nýju. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá rafveitunnar nr. 76 frá 28. júní 1934 og auglýsing um breyting á henni nr. 93 10. maí 1943.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. apríl 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.